


Reykjavík 10. maí 2024

Umsögn Tónskáldafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sviðslistir, nr. 165/2019 (Þjóðarópera)

Til allsherjar- og menntamálanefndar

Tónskáldafélag Íslands lýsir yfir stuðningi við frumvarpið eins og það hefur verið lagt fyrir á Alþingi Íslendinga og gerir engar athugasemdir þar um. Við notum þó tækifærið og undirstrikum mikilvægi nýsköpunar og fjölbreytni í faginu. Hingað til hafa íslensk tónskáld þurft að leita erlendis til að koma óperum sínum á framfæri og það segir sig sjálft að þannig erum við ekki að bæta miklu við framþróun í starfinu eða íslenska menningu.

Við teljum að með stofnun þjóðaróperu sé lagður risastór hornsteinn að nýju og sterkara tónlistarlífi sem muni styðja við þann öra vöxt og þá listrænu framsýni Íslendinga sem vakið hefur athygli um heim allan.



Páll Ragnar Pálsson

Stjórnarformaður